

# Skýrsla af 98 þingi Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar ( ILO ) Genf 3.6 – 19.6 2009

## Sendinefndin

Í sendinefndinni sátu af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra í Genf auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. Genfarskólann sátu þau Jóhanna Rúnarsdóttir frá VR og Jakobína Björnsdóttir frá BSRB og Marianna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum var þar kennari. Af hálfu atvinnurekenda sótti þingið Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur samtakanna.

## Megin málefnið

1. Viðbrögð við heimskreppunni. Ein umræða og ályktun.
2. HIV / AIDS. Fyrri umræða, reglusetning.
3. Jafnrétti. Almenn umræða.
4. Framkvæmd samþykka.

### 1. Viðbrögð við heimskreppunni.

Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd en hann var jafnframt talsmaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar í henni. Vinnulag var þannig að dagana 3 til 8 júní voru flutt 10 erindi. Þau fluttu margir helstu sérfræðingar ILO og annarra stofnana Sameinuðu Þjóðanna, OECD, AGS og ýmissa háskóla. 9 – 10 júní fóru síðan fram almennar umræður um mögulega yfirlýsingu og loks var skipuð þríhliða samninganefnd til þess að koma með endanlega tillögu að yfirlýsingu. Verkalýðshreyfingin átti 8 fulltrúa í henni var Magnús M. Norðdahl kjörinn einn þeirra. Samninganefndin starfaði 10 til 13 júní og var fundað frá morgni til kvölds og stundum fram eftir nóttu. Samkomulag tókst um róttæka yfirlýsingu sem valið var nafnið „Út úr kreppunni: Hnatrænt samkomulag um störf.“

Yfirlýsingin skiptist í 5 kafla. Þeir eru: Mannsæmandi störf sem viðbragð við kreppunni, Meginreglur til að stuðla að endurreisn og þróun, Mannsæmandi viðbrögð ( hröðun atvinnusköpunar og sjálfbærra fyrirtækja, uppbygging velferðarkerfa og vernd almennings, aukin virðing fyrir alþjóðlegum reglum um vinnumarkaðinn og félagsleg samræða ), Leiðin fram á við: Sköpun réttlátrar og sjálfbærrar hnattvæðingar og loks sérstakur kafli um næstu aðgerðir ILO.

Yfirlýsingin ber skýr merki þeirra breytinga sem orðið hafa á viðhorfi atvinnulífs og stjórnvalda til reglusetningar á vinnumarkaði og til nauðsynjar þess að reglusetja hnattvæðinguna þannig að hún þjóni öllum jarðarbúum. Hún mælir m.a. fyrir um samstarf um eftirfarandi:

- Uppbyggingu stjórnstækja og hnatræns eftirlits með fjármálahluta efnahagslífsins þ.a. að hann þjóni hinum raunverulega efnahag, styðji

sjálfbær fyrirtæki og mannsæmandi störf auk þess að verja sparnað og lífeyri almennings.

- Stuðning við virka og reglusetta markaði með vöru og þjónustu sem þjóni öllum og sem forðist verndarstefnu einstakra ríkja.
- Umskipti yfir efnahags sem byggji á minni losun koltvísýrings, sé umhverfisvænn, hjálpi til við sköpun atvinnu, auki félagslegan jöfnuð, styrki þróun og mannsæmandi störf.

[Niðurstöður](#) / [Endanlegur texti yfirlýsingarinnar](#)

## **2. HIV / AIDS. Fyrri umræða, reglusetning.**

Jóhanna Rúnarsdóttir fylgdi störfum þessarar nefndar sem nemandi Genfarskólans. Samþykkt var setja skyldi tilmæli um HIV og vinnumarkaðinn auk þess sem sátt tókst um meginefni tilmælanna. Önnur umræða fer fram 2010. [Niðurstöður](#).

## **3. Jafnrétti. Almenn umræða.**

Jakobína Björnsdóttir fylgdi störfum þessarar nefndar sem nemandi Genfarskólans. Nefndin samþykkti ályktun byggða á skýrslunni *Gender equality at the heart of decent work*. Í ályktuninni er skorað á stjórn ILO að taka tillit til kynjasjónarmiða í allri skipulags- og ákvarðanatöku varðandi aðgerðir á vinnumarkaði. Einnig er áskorun til stjórnarinnar að taka mið af mismunandi þörfum kynja við fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2010-11 og aðra ráðstöfun fjármuna á tímabilinu 2008-09. [Niðurstöður](#)

## **4. Nefnd um framkvæmd Samþykktu.**

Fjallað var um brot 26 ríkja á 13 samþykktum ILO. [Niðurstöður](#).

## **5. Genfarskólinn.**

Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku íslensku nemendurnir virkan þátt í störfum hans. Nemendahópurinn skiptist í sjö vinnuhópa og fylgi hver hópur ákveðnum nefndum. Í einstaka tilfelli voru tveir hópar sem fylgdu störfum nefnda s.s. HIV/AIDS nefndinni og einn hópurinn skoðaði samspil ESB og ILO. Afrakstur hópavinnunnar er hægt að nálgast á heimasíðu [Genfarskólans](#).

## **6. Mat o.fl.**

Annað árið í röð tókst að afgreiða frá þinginu yfirlýsingar sem skipta verulegu máli um stöðu launafólks og atvinnulífs. Allt samstarf aðila var með öðrum hætti en meðan bólan var að blásast út og meðan að hún var sem stærst en þá má segja að öll umræða og raunar vilji til samstarfs hafi ráðist af markaðsofsatru atvinnurekenda

og stærstu aðildarríkjanna. Magnús M. Norðdahl var eins og fyrr segir kjörinn í samninganefnd launafólks um yfirlýsingu ILO um viðbrögð við kreppunni. Íslenska sendinefndin tók því mun umfangsmeiri þátt í störfum þingsins er stærð og framlög ríkisins gefa tilefni til. Því miður er sendinefnd Íslands það fámenn að ekki er hægt að manna nefndir en æskilegt væri að geta mannað a.m.k. 2 helstu nefndir hvers þings. Að þessu sinni gripu stjórnvöld einnig til sparnaðaraðgerða sem fólust annars vegar í því að félagsmálaráðuneytið sendi ekki fulltrúa og hins vegar í því að einungis var greitt fyrir fulltrúa ASÍ og SA á 2/3 hluta þingsins en upphaflega stóð til að senda enga sendinefnd frá Íslandi. Eftir þessu var tekið á þinginu enda aðildarríkjunum skylt að kosta sendinefndir sínar þannig að geti tekið þátt í öllum störfum þingsins.

## **Vefföng þar sem nálgast má skýrslur og niðurstöður frá 98 þingi ILO**

[98 þing ILO 2008 – Öll gögn](#)

*Nóvember 2009*

*Magnús M. Norðdahl*